



Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 28.2.17
Ábm.	Svfr.
Afgr.	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Félagsheimilinu Árnesi
801 SELFOSSI

Kópavogi, 23. febrúar 2017.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2017.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárfamlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn **eina** umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er umsóknarfrestur til aprílloka.

Vil ég vekja sérstaka athygli á því að stjórn EBÍ hefur samþykkt tvær breytingar á reglunum. Nú er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarféluginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir meðfylgjandi reglur sjóðsins, en þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.


Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Umsóknarfresturinn er eins og fyrr segir til aprílloka.

Allar frekari upplýsingar viðvíkjandi styrktarsjóðinn gefa Anna Sigurðardóttir og Þuríður Dan Jónsdóttir. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS


Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri.



REGLUR FYRIR STYRKTAJSJÓÐ EBÍ

1. gr.

Starfrækja skal styrktarsjóð innan vébanda Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands sem nefnist Styrktarsjóður EBÍ.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og styrkja með fjárfamlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum.

3. gr.

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að fulltrúaráði EBÍ geta sent inn eina umsókn um styrk fyrir tiltekin verkefni eða vinnuhóp.

Heimilt er að sveitarfélög, tvö eða fleiri, sameinist um verkefni sem sótt er um styrk út á.

Að öllu jöfnu getur sveitarfélag ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð.

4. gr.

Hlutfall styrkja skal aldrei vera hærra en sem nemur 50% af áætluðum heildarkostnaði. Heimilt er að greiða út styrkfjárhæð eftir framgangi verks.

5. gr.

Stjórn EBÍ setur þessar reglur og fer með stjórn sjóðsins. Stjórn er heimilt að setja verkefni/rannsóknir í forgang sem geta nýst öðrum sveitarfélögum og/eða hafa almenna skírskotun.

Almenn rekstrarverkefni sveitarfélaga eru ekki styrkhæf.

6. gr.

Stjórn EBÍ er heimilt að verja og ákveða upphæð til Styrktarsjóðsins sem taki mið af árlegri ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaganna, þó aldrei lægri upphæð en fimm milljónum króna árlega.

7. gr.

Umsóknarfrestur er til aprílloka og skal umsóknum skilað inn á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Með umsókninni skal fylgja greinagóð lýsing á verkefninu með verkáætlun, tímaáætlun og kostnaðaráætlun.

Úthlutun styrkja skal vera lokið fyrir lok júnímánaðar.

8. gr.

Að verkefni loknu skal viðkomandi sveitarfélag/styrkþegi gera EBÍ grein fyrir ráðstöfun fjárins og árangri verkefnisins. Sveitarfélag getur ekki vænst þess að fá aftur styrk ef greinargerð um framgang verkefnisins hefur ekki verið skilað inn.

9. gr.

EBÍ áskilur sér rétt til að skýra opinberlega frá viðkomandi verkefni, stuðningi EBÍ og árangri verksins, en að öðru leyti eignast EBÍ engan rétt vegna fjárfamlagsins.

Samþykkt í stjórn EBÍ 9. september 2016